

Alþingi, Umhverfis- og samgöngunefnd
101 Reykjavík
(sent rafrænt í samráðsgátt)

Ísafirði 8. maí 2026

Umsögn um frumvarp til Loftslagslaga mál 595, 157. löggjafarþing

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) hefur yfirfarið frumvarp til nýrra heildarlaga um loftslagsmál og fagnar ásetningi Alþingis að setja ný heildarlög um loftslagsmál.

Margt horfir til framfara frá núgildandi lögum í frumvarpinu en þó hefur ekki verið tekið tillit til veigamikilla athugasemda FV á fyrri stigum m.a. umfjöllun í Samráðsgátt¹ varðandi viðkvæmnis- og áhættumat og aðra smærri þætti í frumvarpinu. Því er það, að þrátt fyrir að FV fagni frumvarpinu, vill það gera alvarlega athugasemd við útfærslu í 8. gr frumvarpsins, að greining á viðkvæmni og áhættu vegna loftslagsbreytinga og áætlun um viðbrögð og aðgerðir vegna þeirra (loftslagsaðlögun) sé fært undir verksvið sveitarfélaganna án þess til komi aukið fjármagn til þeirra til að sinna verkefninu.

Heilt yfir er vafasamt að færa jafn sérhæft verkefni yfir á misstór sveitarfélög sem fæst eru í stakk búin, bæði hvað varðar fjárhag og þekkingu, til að sinna verkefninu. Þetta stríðir gegn viðmiðunum um réttlát umskipti, sem er eitt af markmiðum frumvarpsins skv. 1 grein þess og skýringum í greinargerð m.a. fyrir landsvæði.

Nánari athugasemdir við 8.gr.

1. málslið a. 2. málsgreinar segir að loftslagsstefna skuli *Byggjast á greiningu á losun frá starfsemi og rekstri sveitarfélagsins, þ.m.t. losun og kolefnisbindingu vegna landnotkunar* Þetta orðalag er óskýrt. Í drögunum frumvarpsins í Samráðsgátt (11.gr) var talað um „loftlagsbókhald“ sem nú er orðið að „greining á losun“.

Það er mat FV að ef eitthvað er, þá gerir breytingin greinina enn óskýrari. Hverskonar greiningu er verið að tala um ef ekki loftslagsbókhald? Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa verið að feta sig áfram með innleiðingu á stafrænu losunarbókhaldi í rauntíma, sem opnar möguleika á mun öflugri gagnagreiningu en áður og styrkari umgjörð loftslagsstefnugerðar. Sú vegferð hefur verið kostnaðarsöm fyrir sveitarfélögin. Því er spurt, er þá ekki þörf á henni lengur? Verður nóg að panta lauslega losunargreiningu frá ráðgjafarstofu á einhverra ára fresti? FV vill vekja athygli á því að gott losunarbókhald er hryggjarstykkið í virkri loftslagsstefnu sem á að skila

¹ <https://samradapi.island.is/api/Documents/a7a3de52-477f-f011-9bce-005056bcce7e>

einhverjum ávinningi, bæði fyrir loftslagið og rekstur sveitarfélaganna og viðheldur og eykur þekkingu á málaflokknum innan sveitarfélaganna. Að mati FV er breytingin því afturför frá núgildandi lögum þar sem ákvæði eru um losunarbókhald.

2. Í málslið c og d er verið að færa nýjar skyldur á herðar sveitarfélögunum. Í þeim fyrri er um að ræða töluvert umfangsmikla sérhæfða greiningar- og áhættumatsvinnu. Þrátt fyrir staðbundin tilraunaverkefni sem gefist hafa vel, eru sveitarfélögin á engan hátt í stakk búin til að takast á við slíka vinnu. Tilraunaverkefnið *Aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga* undir hatti Byggðaaætlunar² var vissulega góður undirbúningur fyrir frekari vinnu, en þekkingin sem varð til myndaðist fyrst og fremst hjá þeim ríkisstofnunum sem að verkefninu komu. Þau fimm sveitarfélög sem tóku þátt gerðu það með afmörkuðum hætti. Ekki er fyrirsjáanlegt hvernig sveitarfélögin á Vestfjörðum gætu uppfyllt slíka lagakröfu nema með víðtækum stuðningi frá ríkinu. Í þessu samhengi má benda á að á sama tíma er stefnt að því að draga úr starfsemi heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, samkvæmt ákvæðum frumvarps til laga um *Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits)*, 582. mál 157. löggjafarþing. En sjá má ýmis tækifæri í samvinnu og samlegðaráhrif stofnana sveitarfélaga við mælingar og eftirlit sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa haft sem verkefni.

Seinni málsliðurinn, d, er um að á grunni fyrrnefndrar greiningar- og áhættumatsvinnu verði gerð áætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum innan loftslagsstefnunar. FV tekur undir nauðsyn þess að þessi vinna fari fram en leggur áherslu á að sveitarfélögin á Vestfjörðum eru ekki tilbúin til að taka á sig þessar auknu byrðar. Í því samhengi má nefna, að mun einfaldari loftslagsstefnugerð (skv. núverandi lögum 70/2012) var lengi vel sveitarfélögunum ofviða og komst ekki á rekspöl nema vegna styrkja frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðneytinu og vegna Evrópuverkefnis í orkuskiptum (RECET)³.

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsa sig síðan reiðubúin að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að fjalla nánar um efni umsagnar.

Aðalsteinn Óskarsson,
sviðsstjóri byggðapróunar.

F.h. Vestfjarðastofu

Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri
umhverfis og loftslagsmála

² <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaaetlun-2022-2026/stok-adgerd/?itemid=48fa9fa2-1736-11ed-9baf-005056bc4727>

³ <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/umhverfismal/recet>